

Þú, Drottinn, ert góður og fús til að fyrirgefa, gæskuríkur öllum sem ákalla þig.

Sálmur 86.5



Bibliúfélagið birtir daglega myndskreytt bibliúvers á helstu samfélagsmiðlum. Myndefnið við versin kemur úr ýmsum áttum.

AÐALFUNDUR 2025

Stjórn og framkvæmdastjóri

AÐALFUNDUR HÍB fór fram 9. apríl 2025 í Herkastalanum Suðurlandsbraut 32. Forseti félagsins og biskup Íslands, frú Guðrún Karls Helgudóttir setti aðalfund HÍB með lestri úr orði Guðs og bæn. Lagði forseti félagsins til að Matthías Guðmundsson yrði fundarstjóri og Karítas Hrundar Pálsdóttir ritari og samþykktu fundarmenn það. Kjósa þurfti tvo í stjórn félagsins. Stjórnarfólkið sem var að ljúka sínu kjörtímabili gaf kost á sér að nýju. Það voru þau Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Fjalar Freyr Einarsson. Þau voru sjálfkjörin þar sem ekki voru aðrir sem gáfu kost á sér.

STJÓRNARMENN eru því nú: Guðrún Karls Helgudóttir biskup, Karítas Hrundar Pálsdóttir, Fjalar Freyr Einarsson, sr. Guðni Már Harðarson, sr. Grétar Halldór

Gunnarsson, Matthías Guðmundsson, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Kristján Þór Gunnarsson og sr. Sveinn Valgeirsson. Forseti félagsins er biskup Íslands, Guðrún Karls Helgudóttir.

Á fyrsta fundi stjórnar voru kosin í framkvæmdanefnd: Grétar Halldór Gunnarsson, varaforseti, Matthías Guðmundsson, ritari og Guðni Már Harðarson, gjaldkeri. Stjórn fundaði þrisvar sinnum árið 2025, þar af einn lengri vinnufund að kvöldi 22. október.

FRAMKVÆMDASTJÓRI félagsins er Halldór Elías Guðmundsson. Halldór Elías ber hitann og þungann af verkefnum félagsins, í samráði við framkvæmdanefnd og stjórn.

BIBLÍUÚTGÁFA



Prentbiblúr Biblíufélagsins

Eitt af stærri verkefnum ársins 2025 var undirbúningur og prentun á vönduðum Biblíum. Upplag JPV-Forlagsins á dýrari Biblíum kláraðist á árinu og Biblíufélagið þurfti að bregðast við. Eftir að hafa skoðað ýmsa möguleika var ákveðið að ráðast í endurprentun á Biblíum í mjúkum spjöldum og í þremur kápulitum, en JPV-Forlagið hafði áður gefið út samsvarandi Biblúr. Nauðsynlegt reyndist að fara yfir eldri prófarkir og gera smávægilegar leiðréttingar á textanum og bókakápu áður en kom að prentun. Verkefnið var

unnið með Jongbloed prentsmiðjunni í Hollandi og prentun lauk milli jóla og nýárs.

Biblíufélagið hafði áður látið prenta tvenns konar Biblúr sem eru til sölu á vef Biblíufélagsins og í völdum bóka- og gjafavöruslunum. Annars vegar hefðbundna harðspjaldabiblú á hagkvæmu verði og hins vegar altarisbiblú í mjög stóru broti. Þá átti Biblíufélagið rétt um 1000 kiljubiblúr sem voru fengnar frá JPV-Forlaginu í byrjun árs 2024. Þær eru einvörðungu seldar í magnsölu.

Biblúsala

Biblúsala var hæg á árinu 2025. Eftir tvöföldun á sölutekjum á árinu 2024 dróst sala saman um nærri 50% á árinu 2025 og einungis seldust Biblúr fyrir 1.607.244 krónur.

Hugmyndin um að auka sölu á Biblíum með því að gefa út Biblúna á mjög hagkvæmu verði í einfaldri útgáfu hefur því miður ekki virkað. Til

að bregðast við því var ákveðið að gefa út á ný Biblúr í mjúku bandi með gylltum blaðsíðuendum og í tveggja lita prentun. Sölutölur fyrstu mánuði ársins 2026 styðja þá kenningu að almenningur vilji fá glæsilega Biblíuútgáfu, sér í lagi til gjafa. Sölutekjur fyrstu mánuði ársins 2026 eru tvöfalt hærri en allt árið í fyrra.

Höfundarréttargreiðslur frá Forlaginu

Uppgjör vegna sölu Forlagsins á Biblíum heldur áfram að lækka, og var 629.326 krónur vegna ársins 2024. Biblíulager Forlagsins er orðin mjög lítill og einungis eftir Biblíur í svörtu leðri

án apókrýfurita og Biblíur í rauðu flauelsbandi. Reikna má með að höfundarlaun frá Forlaginu munu halda áfram að dragast verulega saman vegna 2025 (greitt í júní 2026).

Rafbók Biblíunnar

Á árinu gaf Biblíufélagið út rafræna útgáfa Biblíunnar fyrir Kindle lesbretti á Amazon. Um er

að ræða endurútgáfu á eldri rafrænni útgáfu sem JPV-Forlagið gaf út fyrir um 15 árum.

Dreifing á Hljóðbók Biblíunnar

Hljóðbók Biblíunnar er aðgengileg án endurgjalds á vefsíðu Biblíufélagsins, í Bible.com appinu frá Youversion, í nýju einföldu appi Biblían og í appi í eigu Faith Comes By Hearing.

Þess utan er hægt að hlusta á hljóðbók Biblíunnar á Storytel og hljóðbókaveitu Spotify, en Spotify hóf dreifingu á hljóðbókum fyrir íslenska

notendur á árinu. Þá annast InAudio dreifingu á aðrar hljóðbókarveitur. Því miður hefur ekki fengist heimild til að dreifa Biblíunni á Audible hljóðbókarveitunni, þrátt fyrir mikla vinnu.

Höfundarréttargreiðslur frá Storytel, Spotify og InAudio voru 195.332 krónur á árinu 2025.

**Lofaður sé lifandi Guð að eilífu,
lofað sé ríki hans.**

Tóbítssbók 13.1

ÖNNUR ÚTGÁFA



B+

B+ var dreift með Morgunblaðinu fimmtudaginn 20. febrúar 2025, í vikunni fyrir Biblíudaginn. Blaðið var glæsilegt og þar átti Brynjólfur Ólason stærstan hlut að máli. Aðrir sem komu að blaðinu voru m.a. Grétar Halldór Gunnarsson, Gunnlaugur A Jónsson og Guðni Einarsson. Við höfum fengið

mjög mikið af jákvæðum viðbrögðum, bæði fyrir framtakið, það að dreifa blaðinu í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu með Morgunblaðinu, og ekki síst fyrir efnistöð.

B+ á timarit.is

Bibliúfélagið gekk frá samningi við Landsbókasafnið um að birta B+ á timarit.is.

Nú er hægt að nálgast eldri eintök af B+, blaði Bibliúfélagsins á vef Landsbókasafnsins.

Biblíulestraskrá

Biblíulestrarskrá kom út í lok árs 2025 og var dreift til félagsfólks með pósti ásamt kynningarbréfi fyrir jólasöfnun Bibliúfélagsins

2025, en söfnunin var til stuðnings Bibliúfélaginu á Haítí. Nánar má lesa um söfnunina annars staðar í skýrslunni.

Netfréttabréf Bibliúfélagsins

Netfréttabréf Bibliúfélagsins kom út 6 sinnum á árinu með fréttum frá starfinu. Fjöldi netáskrifenda er rétt um 4000. Netfréttabréfið

kom fyrst út í desember og hefur skilað góðum viðbrögðum.

NÝÞÝÐING BIBLÍUNNAR

Umræða um nýþýðingu og fyrstu skref

Umræða um nýþýðingu á Biblíunni hélt áfram á árinu 2025 og var ákveðið að ráðast í tilraunaþýðingu á Markúsarguðspjalli, sem hefst vonandi um mitt ár 2026. Sameinuðu biblíufélögin hafa tilnefnt erlendan þýðingarráðgjafa, Dr. Lénart de Regt, til að vera Hinu íslenska biblíufélagi til halds og trausts. Stjórn Biblíufélagsins fundaði

með Dr. de Regt þann 19. mars 2025 til að ræða hugmyndir og væntingar.

Þá var leitað til Biblíufélaga á Norðurlöndum um aðferðafræði sem þau eru að nota við eigin þýðingar um þessar mundir til að hafa til hliðsjónar fyrir þýðingarverkefni á íslensku.

Þýðendur

Fulltrúar Biblíufélagsins hafa rætt við Dr. Harald Hreinsson um að annast tilraunaþýðingu á

Markúsarguðspjalli í samvinnu við rithöfund sem ekki hefur verið valinn enn.

Skiljanleiki biblíutextans

Til að opna umræðuna um hugsanlega nýþýðingu útbjó Biblíufélagið lítið verkefni um skiljanleika Biblíutextans frá 2007 og setti á netið. Verkefnið

fékk þó nokkur viðbrögð, bæði jákvæð og neikvæð.

Erindisbréf

Stjórnin fór í undirbúning þess að gera erindisbréf, til skilgreiningar á því hvers konar þýðing á Markúsarguðspjalli þetta ætti að vera. Erindisbréfið er nálægt því að vera tilbúið þegar þessi skýrsla kemur út. Í drögum erindisbréfsins kemur fram að þessi nýja þýðing eigi ekki að koma

í stað þýðingarinnar frá 2007. Þannig sé þessi þýðing Markúsarguðspjalls t.d. ekki hugsuð til notkunar í helgihaldi, heldur til almenns lesturs. Fjalar Freyr Einarsson, stjórnarmaður hefur leitt þessa vinnu stjórnar.

STAFRÆN ÞRÓUN

Vefsvæði Biblíufélagsins

Vefsvæði Biblíufélagsins, biblian.is, er mjög mikilvægt heimasvæði félagsins á netinu. Þar eru hýstar fjórar biblíuþýðingar félagsins, vefverslun, fræðsluefni, leiðbeiningar og fréttir af starfi félagsins. Halldórs Elíasar Guðmundssonar

framkvæmdastjóri sér um viðhald og þróun vefsíðunnar.

Biblíufélagið sendir rétt um 300 tölvupósta með **BIBLÍULESTRI DAGSINS** úr Biblíulestrarskrá félagsins til áhugasamra dag hvern.

Samfélagsmiðlar

Biblíufélagið hefur í mörg ár verið með virka viðveru á samfélagsmiðlum. Á **INSTAGRAM** síðu Biblíufélagsins, á **FACEBOOK** og **X** (áður twitter) eru daglega birt myndskreytt Biblíuvers ásamt fréttum og tilkynningum frá félaginu. Á árinu var umræða um hvernig við gætum verið virkari á samfélagsmiðlum og tók Karítas Hrundar

Pálsdóttir að sér að gera tilraun til að auka sýnileika okkar meðal ungs fólks. Verkefnið gafst mjög vel, en ljóst að það kallar á mikla vinnu að sinna samfélagsmiðlum betur en nú er gert. Þá var á árinu útbúin **TIKTOK** aðgangur. Þar hafa birst nokkur myndbönd til að kynna hljóðbók Biblíunnar.

Youtube

Á Youtube er áfram varðveitt efni frá Biblíufélaginu sem gæti komið að gagni. Þar er t.d. að finna auglýsingar Biblíufélags sem sýndar

voru í sjónvarpi. Þá má sjá þar kvikmyndaútgáfu Markúsarguðspjalls og Lúkasarguðspjalls, þar sem notast er við hljóðbók Biblíunnar.

Hlaðvarpið „Orð kvöldsins“

„Orð kvöldsins“ er birt daglega á fjölmörgum hlaðvarpsveitum en verkefnið er samstarfsverkefni Biblíufélagsins og Kristilegs

félags heilbrigðisstétta. Hlustun er ekki mikil, en að jafnaði 10-15 sækja hvern lestur.

Biblíutextinn á snjallforritum

Biblíutextinn íslenski er aðgengilegur á Biblian.is, á snjallforritinu **BIBLE.COM FRÁ YOUVERSION** og **SNJALLFORRITI FCBH** (Faith Comes By Hearing).

Á árinu kom út mjög einfalt snjallforrit eða app með tveimur íslenskum Biblíuþýðingum og

hljóðbók Biblíunnar. Snjallforritið heitir einfaldlega **BIBLÍAN** og er hluti af Global.bible sem er í eigu Ameríska biblíufélagsins. Snjallforritið var samvinnuverkefni Hins íslenska biblíufélags og starfsmanna Ameríska biblíufélagsins.

ERLENT SAMSTARF

Fundur framkvæmdastjóra Biblíufélaga í Evrópu og í miðausturlöndum

Dagana 10.-14. febrúar 2025 sat framkvæmdastjóri Biblíufélagsins framkvæmdastjóra Biblíufélaga í Evrópu og á miðausturlöndum í Kýpur. Markmið fundarins var að kynna verkefni og framtíðarsýn mismunandi Biblíufélaga. Á fundinum var umræða um aukna þátttöku ungra drengja og karla í kirkjustarfi

í Vestur- og Norður-Evrópu. Þá sagði norska Biblíufélagið frá fjárhagsvandræðum sínum og endurskipulagi á starfi sínu. Meginumræða fundarins var um samdrátt í starfi Sameinuðu biblíufélaganna, en tekjur Biblíufélaga á heimsvísu hafa dregist verulega saman á síðustu 10-15 árum.

Fundur framkvæmdastjóra Biblíufélaga á Norðurlöndum og við Eystrasalt

Fundur framkvæmdastjóra Biblíufélaga á Norðurlöndum og við Eystrasalt var í Vilnius í Litháen 17.-18. júní 2025. Á fundinum var umræða um fjármál og fjármögnun Biblíufélaga

viðamikil í tengslum við fjármál Sameinuðu biblíufélaganna. Þá kynntu Biblíufélögin hvert um sig þau verkefni sem framundan eru.

Rafrænir fundir

Sameinuðu biblíufélögin leggja áherslu á **ÖRYGGI OG VERND STARFSFÓLKS OG SJÁLFBODALIÐA** á vettvangi Biblíufélaga. Framkvæmdastjóri Biblíufélagsins hefur tekið þátt í samtali Sameinuðu biblíufélaganna um þessi mál og setið nokkra rafræna fundi um málefnið.

Framkvæmdastjóri Biblíufélagsins fundaði nærri mánaðarlega með George Sochos **TENGILLIÐ SAMEINUÐU BIBLÍUFÉLAGANNA** við Ísland. Á fundunum er farið yfir nýsköpun í biblíustarfi almennt, fyrirliggjandi verkefni á alþjóðavísu og tækifæri til frekari þróunar á starfi Hins íslenska biblíufélags.

Árgjald til Sameinuðu biblíufélaganna

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu Sameinuðu biblíufélaganna og betri stöðu Hins íslenska biblíufélags hefur árgjaldið til Sameinuðu biblíufélaganna hækkað nokkuð á liðnum árum. Um langa hríð var árgjaldið okkar \$3000 sem er lágmarksgreiðsla frá vestrænum þjóðum. Nú í ár hækkaði árgjaldið örlítið vegna bættrar

fjárhagsstöðu okkar, en árgjaldið byggir að hluta til á fjárhagsveltu. Hækkunin heldur áfram á næsta ári, en árgjald næsta árs er \$5940, sem er fyrst og fremst viðurkenning á hversu góðum árangri við höfum náð í rekstri þessa litla félags á Íslandi, síðustu 4-5 árin.

SAFNANIR



Skyndisöfnun fyrir Biblíur í Pókot

Samband íslenskra kristniboðsfélaga leitaði til okkar í byrjun ágúst um stuðning við kaup á Biblíum fyrir sunnudagaskólafræðara og fleiri í Pókot, Keníu. Biblíufélagið stóð að skyndisöfnun

fyrir verkefnið og notaði eingöngu samfélagsmiðla og netfréttir Biblíufélagsins til að kynna söfnunina. Alls skiluðu sér um 491.000 krónur til verkefnsins.



Jólasöfnun 2025 - Jólagjöf til barna á Haítí

Jólasöfnun Biblíufélagsins á árinu 2025 rennur á ný til Biblíufélagsins á Haítí, að þessu sinni til

kaupa á Barnabiblíum og jólagjafa fyrir börn. Uppgjör vegna söfnunarinnar liggur ekki fyrir.

STUÐNINGUR

Biblíufélagið getur sinnt sínum fjölbreyttu verkefnum vegna þess að margt gott fólk, kirkjur og samtök veita félaginu stuðning. Hér eru yfirlit yfir stuðning sem félagið fékk árið 2025

Stuðningur Þjóðkirkjunnar

Undanfarin ár hefur stuðningur frá **KRISTNISJÓÐI** sveiflast nokkuð milli ára. Biblíufélagið fékk minni stuðning en oft áður á árinu 2025, eða 1.500.000 krónur. Stuðningur Kristnisjóðs fyrir árið 2026 verður hins vegar 2.250.000 krónur.

KYNNINGAR-, FRÆDSL- OG ÚTGÁFUSJÓÐUR Þjóðkirkjunnar veitti á árinu 250.000 króna styrk til að útbúa kynningarefni fyrir hljóðbók Biblíunnar til að birta á samfélagsmiðlum.

Stærri styrkir til starfsins

HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFA studdi félagið um 500.000 krónur á árinu 2025. Á árinu 2025 kom til greiðslu styrkur frá **RANNÍS** vegna útgáfu hljóðbókarinnar að upphæð 1.138.179 krónur.

FAITH COMES BY HEARING styrkja Biblíufélagið að öðru jöfnu á þriggja ára fresti, en á árinu 2025 kom óvæntur styrkur þaðan upp á rúmlega \$1000.

Félagsgjöld og Bakhjarlar

642 greiddu **FÉLAGSGJÖLD** á árinu 2025, en félögum heldur áfram að fækka um 2-3% á ári. Tekjur vegna félagsgjalda voru 2.511.600 krónur. Ævifélagar sem greiða ekki félagsgjöld eru 110 og fækkaði um þrjá á árinu.

BAKHJARLAR teljast til félagsfólks og styrktu Biblíufélagið um 4.285.758 krónur á árinu 2025 með mánaðarlegum styrkjum, eða um rétt um 357.146 krónur á mánuði. Þrátt fyrir að styrkir hafi lækkað lítillega fjölgaði bakhjörum um fimm á milli ára og voru um áramótin 2025-2026, 306.

ÖNNUR VERKEFNI

Biblíudagurinn 23. febrúar 2025

Biblíudagurinn var haldinn hátíðlegur 23. febrúar. Útvarpsguðsþjónustunni var útvarpað frá Breiðholtskirkju þar sem Halldór Elías Guðmundsson framkvæmdastjóri Biblíufélagsins prédikaði, séra Jón Ómar Gunnarsson þjónaði fyrir altari og organisti og kór Breiðholtskirkju önnuðust tónlistarflutning. Margar kirkjur voru með skemmtilega dagskrá í tilefni dagsins,

þannig voru Kópavogskirkja og Seljakirkja með Biblíusýningu á sunnudeginum fyrir kirkjugesti með mörgum fágætum munum.

Auk útvarpsguðsþjónustunnar prédikaði framkvæmdastjóri Biblíufélagsins í guðsþjónustum á Biblíudaginn í bæði Seljakirkju og í Ástjarnarkirkju.

Biblíuskjár fyrir ferðamenn

Biblíufélagið og Hallgrímskirkja hafa átt samtali um uppsetningu á snertiskjá þar sem ferðamenn sem heimsækja Hallgrímskirkju geta kynnst Biblíunni á sínu eigin tungumáli. Um er að ræða skemmtilegt og mikilvægt verkefni. Á árinu

var framkvæmdastjóri Biblíufélagsins í samtali við kollega erlendis um hugbúnaðargerð fyrir verkefnið. Verkefnið er enn á hugmyndastigi en vonandi næst að stíga stór skref á árinu 2026.

Starf Biblíufélagsins á liðnu ári, einkenndist af undirbúningi fyrir framtíðina. Eftir viðburðaríkt ár 2024, var tími til að undirbúa næstu skref. Hér á eftir verður stiklað á stóru í starfsemi félagsins á liðnu ári. Þar má meðal annars nefna: 1) undirbúning að nýrri þýðingu á einstökum ritum Biblíunnar, 2) endurprentun á Biblíuútgáfum, 3) nýtt Biblíuapp og 4) dreifingu hljóðbókar Biblíunnar í gegnum streymisveituna Spotify. En einnig voru mörg verkefni önnur og fjölbreytt, eins og þessi skýrsla vitnar um.



<https://www.biblian.is>

Netfang: hib@biblian.is